

Skýrsla stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

um starfsemi liðins árs

Inngangur

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir starfsárið 2024.

Að núverandi byggðasamlagi standa: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Íbúar á þjónustusvæði núverandi byggðasamlags voru 4016 þann 1. janúar 2024.

Störf stjórnar á árinu

Stjórn er skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara, einn frá hverju sveitarfélagi. Hlutverk stjórnar er m.a. að fara með yfirstjórn og bera ábyrgð á rekstri skóla- og velferðarþjónustunnar í umboði viðkomandi sveitarstjórna.

Eftirfarandi fulltrúar sátu sem aðalmenn í stjórn byggðasamlagsins á árinu:

2024

Hulda Kristjánsdóttir, formaður	Flóahreppur
Aldís Hafsteinsdóttir	Hrunamannahreppur
Ása Valdís Árnadóttir	Grímsnes og Grafningshreppi
Haraldur Þór Jónsson	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð

Stjórn fundaði alls 9 sinnum á árinu og voru það ýmist staðfundir eða fjarfundir. Farið var reglulega yfir upplýsingar úr daglegri starfsemi frá deildarstjórum.

Samþykkt var í upphafi árs 2024 að ráðningarsamningar starfsmanna í liðveislu og launagreiðslur þeirra færu í gegnum hvert og eitt sveitarfélag en starfsmenn væru undir verkstjórn deildarstjóra. Þessi ákvörðun varð til þess að fyrirkomulag varð samræmt á milli allra aðildarsveitarfélaga og hefur breytingin gengið vel.

Reglulega var rætt um húsnæðismál þjónustunnar og áherslur um að starfsemi beggja deilda væri undir sama þaki. Deildarstjórar skiluðu þarfagreiningu til stjórnar í september 2024 og í október var formanni falið að ræða við eigendur núverandi húsnæðis í Laugarási um möguleikann á áframhaldandi leigu þar. Í dag er staðan sú að gengið hefur verið frá leigu á 200 fermetrum í heilsugæsluhúsinu og mun öll starfsemin flytjast þangað eigi síðar en um næstu áramót.

Á stjórnarfundum var farið yfir mönnun og áhyggjur vegna manneklu og þá sérstaklega velferðarþjónustu megin sem ekki hefur verið fullmönnuð frá breytingum 1. mars 2023 þrátt

fyrir ítrekaðar auglýsingar. Stjórn hvatti til þessi að deildarstjórar leituðu til verktaka eins og hægt væri á meðan ekki næðist að manna stöður sérfræðinga.

Stjórn staðfesti endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2023 á fundi stjórnar þann 15. apríl 2024 og var hann í kjölfarið sendur aðildarsveitarfélögum til kynningar líkt og kveðið er á um í stofnsamningi. Ársreikningur fylgdi einnig fundargögnum aðalfundar til kynningar.

Haustið 2024 samþykkti stjórn að sækja um áframhaldandi undanþágu vegna barnaverndar sem var veitt áfram tímabundið.

Deildarstjórar kynntu gildi þjónustunnar á fundi stjórnar í september en gildin í allri starfsemi byggðasamlagsins eru Samvinna - Virðing - Áreiðanleiki.

Stjórn samþykkti fjárhagsáætlun komandi árs í október sem var svo staðfest á aðalfundi og send á aðildarsveitarfélög.

Í árslok 2024 ákvað stjórn að láta vinna úttekt á starfsemi byggðasamlagsins þar sem tvö ár væru liðin í mars 2025 frá stórum breytingum á byggðasamlaginu. Formanni var falið að leita til fagaðila sem gætu komið að því að vinna slíka úttekt á árinu 2025.

Ein fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu er á starfssvæðinu en hana skipa fimm fulltrúar og jafnmargir til vara, einn frá hverju aðildarsveitarfélagi.

Haldnir voru 2 fundir í fagnefndinni á árinu 2024 og sitja deildarstjórar þá fundi ásamt nefndarmönnum.

Nefndin skal starfa samkvæmt gildandi erindisbréfi en helstu hlutverk hennar eru að fara með stjórn og framkvæmd skólaþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarmál í sveitarfélögunum í samræmi við reglur sem sveitarstjórnir setja og erindisbréf nefndarinnar. Nefndin fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og fer með lögbundið hlutverk félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Miðað við ætlað hlutverk fagnefndar í stofnsamningi byggðasamlagsins og erindisbréfi er ljóst að virkja mætti nefndina frekar þannig að nefndin sinni þeim hlutverkum sem henni er ætlað og verði þannig frekari stuðningur við starfsemi byggðasamlagsins svo sem yfirferð á reglum, gjaldskrá og fleira sem snýr að framkvæmd þjónustunnar.

Nefndarmenn fagnefndar voru eftirfarandi:

2024

Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður	Flóahreppur
Andrea Sif Snæbjörnsdóttir	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bjarney Vignisdóttir	Hrunamannahreppur
Steinar Sigurjónsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Trausti Hjálmarsson	Bláskógabyggð